

20. desember 2023

Heimastjórn Djúpavogs
Bakka 1
765 Djúpavogi

Svar við erindi varðandi salerni við Búland 1

Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST) barst fyrirspurn varðandi salernisaðstöðu í verslunarhúsnæði við Búland 1 á Djúpavogi frá heimastjórn Djúpavogs þann 11. apríl sl. Í fyrirspurn var óskað eftir upplýsingum um hvort ekki sé skylt að sjá viðskiptavinum fyrir salernisaðstöðu í verslunarhúsnæði sambærilegu og því sem um er að ræða á Djúpavogi – hvort rekstrarleyfi þurfi á staðnum og þá hvort skilyrði slíks séu uppfyllt eins og nú háttar til.

Í húsnæðinu er tvær verslanir sem eru starfsleyfisskyldar hjá heilbrigðiseftirliti, þ.e. matvöruverslun og áfengisverslun. Báðar verslanir hafa gild starfsleyfi frá HAUST. Í hvorugri verslun er skylda að hafa salerni fyrir viðskiptavini. Á lóð húsnæðis er rekin sjálfvirk bensínstöð sem einnig er með starfsleyfi frá HAUST. Á bensínstöðvum með sjálfsafgreiðslu er ekki gerð krafa um salernisaðstöðu. Í verslunarhúsnæðinu eru jafnframt pósthús og banki.

Í húsnæðinu veita rekstraraðilar þjónustu í sameiginlegu húsnæði og gæti því verið um verslunarmiðstöð að ræða. Í verslunarmiðstöðvum skulu gestir eiga greiðan aðgang að salernum skv. starfsleyfisskilyrðum. Leitað var álits Umhverfisstofnunar hvort umrætt verslunarhúsnæði gæti flokkast sem verslunarmiðstöð. Fengust þau svör að ekki sé til skilgreining á verslunarmiðstöð í íslenskum lögum og því ekki hægt að álykta um skilgreiningu á umræddu húsnæði. Verslunarmiðstöðvar þurfa starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti og hafa aðeins stærri verslunarhúsnæði fengið starfsleyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar sem verslunarmiðstöð, sbr. Kringlan og Smáralind.

HAUST hefur fengið kvartanir vegna óhreinlætis við umrædda lóð þar sem fólk gerir þarfir sínar og notar grænt svæði við lóð til þessa. Heilbrigðisfulltrúi hefur verið vitni að því þegar ferðamaður gerði þarfir sínar bak við húsnæðið og staðfest hefur verið óhreinlæti á græna svæðinu.

Í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti segir eftirfarandi í 15.gr.

„Í eða við hverja byggingu, þar sem fólk hefst við að jafnaði, skal koma fyrir hæfilegum fjölda salerna og hreinlætistækjum, sbr. ákvæði í byggingarreglugerð.“

Við Búland 1 eru fimm þjónustufyrirtæki svo ætla má að fólk hafist þar við að jafnaði og telur Heilbrigðiseftirlit Austurlands æskilegt að hafa salerni aðgengilegt fyrir viðskiptavini.

Virðingarfyllst



Ólöf Vilbergsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Afrit:

Samkaup hf., Krossmóum 4, 260 Reykjanesbæ, falur@samkaup.is

Áfengis og tóbaksverslun ríkisins, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík, karl@atvr.is

N1 ehf., Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi, asdis@n1.is

Íslandspóstur, Höfðabakka 9D, 110 Reykjavík, postur@postur.is

Landsbankinn hf. Reykjastræti 6, 101 Reykjavík, landsbanki@landsbanki.is